



Múlaþing 24.05.2023.

Umsögn við drögum að reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Varðandi fyrirleggjandi drög að reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands er hér með eftirfarandi komið á framfæri fyrir hönd sveitarfélagsins Múlaþings:

Eins og kemur fram í greinargerð varða breytingar einkum þrennt.

1. Skilgreining tjónsatburða.
2. Ákvörðun tjónabóta og afmörkun tjóns
3. Iðgjaldaskil til NTÍ

Varðandi lið 1. gerir Múlaþing ekki athugasemdir við fyrirleggjandi drög.

Varðandi lið 2 er byggt á þeirri grunnhugsun að reglugerðin er í grunninn ígildi váttryggingarskilmála. Í raun er rökrétt að samræma framkvæmdina við framkvæmd váttryggingarféлага. Vegna þess er þó bent á tvennt:

Orðlag 2. mgr. 4. gr. er samkvæmt drögnum.:

Váttryggingin nær til tjóns, sem verður á þeim váttryggingarstað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini. Váttryggingin getur þó einnig tekið til tjóns á lausafé sem er tímabundið staðsett á tjónsstað ef unnt er að sýna fram á með óyggjandi hætti að váttryggingartaki sé raunverulegur eigandi þess lausafjár. Váttryggingabætur skv. 2. málsl. takmarkast við 15% af váttryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind í váttryggingaskírteini.

Vegna þessa er bent á að rétt er að náttúruhamfaratrygging bæti að fullu verðmæti lausafjár sem er tímabundið staðsett á tjónsstað, enda sé skilyrðið um sönnun á eignarhaldi uppfyllt. Ef viðmið um 15% er ætlað að eiga við um þá stöðu þegar lausafé er hluti af heimilstryggingu í annarri fasteign, er rétt að slíkt komi skýrt fram. Engu að síður er eðlilegt að lausaféð sé bætt að fullu.

Vegna liðar 5 í 11. gr. er lagt til að við stafliði a og b. bætist þessi setning.

Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70%

Sambærilegt ákvæði má finna í innbústryggingum.

Að mati Múlaþings er ekki tilefni til að gera athugasemdir vegna 3. þáttar breytinga reglugerðarinnar, sem varða iðgjaldaskil til NTÍ.

Með bestu kveðjum.

Björn Ingimarsson
Sveitarstjóri Múlaþings